

Ed.

633. Breytingartillaga

[281. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Karli Guðjónssyni.

Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (10. gr.) Í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins, en óháð henni, skal starfa tryggingadómstóll, er tekur til meðferðar og úrskurðar kærur, er varða ágreining um bótarétt hinna tryggðu og Tryggingastofnunar ríkisins.

Skal hann taka mál, er honum berast, fyrir innan tveggja vikna frá móttöku kæru og fella úrskurð um málið innan mánaðar.

Skylt er Tryggingastofnuninni að hlíta úrskurðum tryggingadómstólsins og framkvæma þá þegar, er hún fær þá í hendur.

- b. (11. gr.) Tryggingadómstóll skal skipaður þrem mönnum, þannig: Alþingi, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hæstiréttur tilnefna til 4 ára í senn einn mann hvert og annan til vara í tryggingadómstólinn. Skal sá aðilinn, sem Alþingi tilnefnir, vera formaður hið fyrsta starfsár dómsins. Hlutkesti milli hinna dómanna ráði formanni dómsins hin næstu tvö ár, og þannig skipti árlega um formann.

Ráðherra ákveði þóknun fyrir störf í tryggingadómstólum.